

Klappir

Foreldrahandbók



Leikskólinn Klappir
v/Höfðahlíð
Sími: 414-3160
603 Akureyri

Netfang: klappir@akureyri.is
Veffang: <http://klappir.karellen.is/>

INNGANGUR

Ágætu foreldrar!

Þessi handbók er ætlað að auðvelda ykkur aðlögun að leikskólanum Klöppum. Í henni er að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi og skipulag leikskólans. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér allar upplýsingar vel. Við vonum að leikskóladvöl barnanna verði öllum farsæl og ánægjuleg og væntum góðs samstarfs.

Klappir opnuðu þann 6 september 2021 og er skólinn opinn frá 07:45-16:15. Skólinn stendur við Höfðahlíð og er sambyggður við Glerárskóla. Klappir eru 1.450 fermetrar að stærð á tveimur hæðum með góðu leiksvæði sem snýr í suður ásamt leiksvæði á þaki sem er að hluta yfirbyggt. Skólinn er 7 deilda og er gert ráð fyrir 144 börnum á aldrinum 1-6 ára. Fimm deildir eru á efri hæð ásamt kaffistofu og starfsmannarými, skrifstofum, sérkennslurými og samtalsherbergi. Tvær deildir eru neðri hæð ásamt sal, eldhúsi og þvottahúsi.

Einkunnarorð skólans eru: Gleði, traust, virðing.

Með bestu kveðju.

Starfsfólk Klappa.

Mannauður

Skólastjóri

Drífa Þórarinsdóttir
drifath@akmennt.is

Aðstoðarskólastjóri

Áslaug Ágústa Magnúsdóttir
sama@akmennt.is

Sérkennslustjóri

Katrín Elísa Einisdóttir
kee@akmennt.is

Deildarstjórar

Hulda Ósk Harðardóttir, Rjóður
huldaosk@akmennt.is

Svala Ýrr, Lundur
svalabj@akmennt.is

Heiðís Björk Karlsdóttir, Sylla
systak@akmennt.is

Ingibjörg Þuríður Stefánsdóttir, Bjarg
its@akmennt.is

Ingibjörg H. Tindur
ihj@akmennt.is

Hafdís Ólafsdóttir, Lón
hafdiso@akmennt.is

Ólöf Pálmadóttir, Helli
olofp@akmennt.is


Matráður

Lilja Björk Jósepsdóttir
liljabjork@akmennt.is

Starfsfólk á deildum

Sjá á [heimasíðu](#) skólans

Áherslur í skólastarfi Klappa – grunnþættir menntunar



Grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf í Klöppum og setja mark sitt á kennslu, leik og nám. Markmið okkar er að öllum börnum líði vel. Við leggjum áherslu á góð samskipti við foreldra, samstarfsfólk og börn og stuðlum að vináttu, bæði meðal starfsmanna og í barnahópnum. Lögð er áhersla á virðingu fyrir hverju barni og að mæta því þar sem það er stítt í þroska. Lögð er áhersla á nám í gegnum leik og áhersla er á samstarf milli deilda og reglulega er aldurshópum blandað í leik og starfi. Þetta samræmist kenningum Lev Vygotsky sem sagði að allar athafnir sem barnið upplifir í félagslegu samhengi verði að innri reynslu og kunnáttu. Framfarastefna John Dewey er höfð til hliðsjónar en höfuðáhersla hans var að virkja athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Unnið er með alla námsþætti í gegnum leik og sköpun og leitast við að virkja sjálfsprottinn áhuga barnanna í gegnum fjölbreyttan efnivið. Börnin eru hvött til sjálfshjálpar og stjálfsstæðis með það að markmiði að efla sjálfsmynd þeirra og

sjálfstraust.

Áhersla er lögð á hlýlegan og glaðlegan staðblæ þar sem persónuleg og uppbyggileg samskipti starfsmanna, barna og foreldra er höfð að leiðarljósi.

SMT – skólafærni

Í Klöppum störfum við eftir SMT – styðjandi skólafærni (School management training) eða jákvæðum stuðningi við hegðun nemenda. SMT - skólafærni er útfærsla á bandarísku aðferðinni Positive Behavior Support /PBS. SMT er hliðstæð aðferð og PMT - foreldrafærni (Parent management training) þar sem lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna fyrir æskilega hegðun og samræma vinnubrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Við skólann er starfandi SMT teymi sem vinnur að því að allir temji sér notkun á aðferðum SMT. Teymið hittist reglulega og fer yfir hvernig gengur á deildunum, fer yfir skráningar og gerir áætlanir í samstarfi við kennara deildanna.

Umhverfismennt

Klappir eru á grænni grein hjá landvernd og er markmið okkar að verða Grænfánaskóli þegar fram líða stundir. Fara þarf í gegnum 7 þrep Landverndar til að öðlast viðurkenningu og fá Grænfánann. Umhverfissáttmálinn okkar er á þessa leið:

„Við förum vel með jörðina okkar, erum með umhverfisfræðslu og göngum vel um náttúruna. Við leitumst við að auka nægjusemi og nýta vel það sem jörðin gefur af sér. Við leitumst við að skila jörðinni til komandi kynslóða í því ásigkomulagi sem við fengum hana; með því að flokka, endurnýta, spara orku og draga úr mengun.“

Í Klöppum eru það umhverfisálfarnir sem hjálpa okkur að muna eftir því að huga að umhverfisvernd. Álfarnir voru teiknaði af Unni Eyfjörð og bera þeir nöfnin Björk og Birkir. Myndir af þeim festum við t.d. við ljósarofa til að minna okkur á að slökkva ljósinn og við vaska til að minna okkur að að spara vatnið.



Læsi og stærðfræði

Í Klöppum er lög áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi. Umhverfi skólans er hvetjandi, ritmál sýnilegt og efniviður sem er í boði ýtir undir ritun og lestur. Við höfum þær upplýsingar sem börnin geta nýtt sér í þeirra augnhæð, notum spil og leiki sem stuðla að hljóðgreiningu en sú færni er mikilvæg þegar kemur að því að læra að lesa. Læsi litar allt starf skólans og kennsluefnið Lubbi finnur málbein er notað á öllum deildum, námsefnið Leikur að læra og fleira sem ýtir undir áhuga á læsi í daglegu starfi. Börnin byggja upp þekkingu í gegnum uppgötvanir um ritmál og í málhvetjandi samskiptum og umhverfi við aðstæður sem eru lausar við gagnrýni. Þrátt fyrir að börn á leikskólaaldri verði ekki öll læs í hefðbundnum skilningi þróast færni þeirra í þá átt, jafnt og þétt, allan leikskólaaldurinn. Þannig er grunnur að síðari lestrarfærni lagður í gegnum leikskólagönguna.

Lögð er áhersla á stærðfræði í daglegu starfi og kennarar ýta undir rökhugsun, talnaskilning og rýmisvitunda barna með hinum ýmsu verkefnum og þrautum. MÍÓ – skimun í stærðfræði fyrir börn en notað í skólanum en efnið samanstendur af handbók fyrir kennara og skráningarblöð sem fylgja börnunum frá fyrstu skráningu sem er við tveggja ára aldur og til loka skráningar sem er við fimm ára aldur. Skimunarefninu er ætlað að greina styrkleika og veikleika barna á sviði stærðfræðinnar, mæta þeim þar sem þau standa og finna þau börn sem þurfa frekari athygli og tækifæri til að vinna með þá þætti sem tengjast stærðfræðinámi þeirra.

Yfirlit yfir svið og þætti stærðfræðinnar:

	Þættir
Þrautalausnir	Tungumál stærðfræðinnar Rökhugsun
Rúmfræði	Form og staðsetning Mynstur og röðun
Talning og fjöldi	Tölustafir, talnaröð og talning Fjöldi

Unicef réttindaskóli - barnasáttmáli

Klappir stefna á að verða Réttindaskóli Unicef. Réttindaskólar byggja starf sitt á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru lykilhugtök hans, umhyggja, vernd og þátttaka. Sáttmálinn telur alls 54 greinar sem snúa allar að réttindum barna. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn heimsins þarfnist sérstakrar verndar, að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi og að þeim sem koma að málefnum barna ber að framfylgja Sáttmálanum. Barnasáttmálinn verður notaður sem rauður þráður í gegnum starf Klappa. Markmið Klappa er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi þar sem grunnforsendur Barnasáttmálans verði hafðar að leiðarljósi fyrir allar ákvarðanir skólans. Starf skólans miðar að því með markvissum hætti að nemendur verði gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi en auk þess að Barnasáttmálinn endurspeglar í samskiptum nemenda og kennara. *Vinátta* Barnaheilla er forvarnarverkefni gegn einelti, ætlað börnum frá 0-9 ára og erum við byrjuð að innleiða námsefnið fyrir 0-3 ára og munum svo þróa verkefnið yfir á eldri deildirnar. *Vinátta* byggir á raunhæfu námsefni fyrir börn, starfsfólk og foreldra. Hugmyndafræði verkefnisins endurspeglar í fjórum gildum; *Umburðarlyndi*, *virðingu*, *umhyggju* og *hugrekki*. Með *Vinátu* viljum við fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra. Námsefnið samanstendur m.a. af söngvum, tónlistarleikjum, nuddi, tilfinningum og félagshæfnileikjum. Tónlistina er að finna á streymisveitunni Spotify undir heitinu *Vinátta – Gott er að eiga vin*, fyrir börn yngri en þriggja ára.



Bangsinn Blær er tákmynd *vináttunnar* – sameiginlegur vinur allra barnanna og miðpunkturinn í að byggja upp velferð og samhygð í hópnum. Blær minnir börnin á að gæta hvert annars vel og vera góður félagi. Einnig hjálpar Blær til við ýmis verkefni, faðmar, gleður og huggar börnin.

Stefnt er að því að Klappir verði Réttindaskóli Unicef 2023

Heilsuefling

Stefnan er sett á að Klappir verði heilsueflandi leikskóli og hefur nú þegar verið sótt um þátttöku í þróunarstarfi Heilsueflandi leikskóla. Með því að fara þá vegferð er markmiðið að stuðla að heilbrigði og velferð allra sem að skólanum koma. Átta þættir heilsueflandi skóla eru: Mataræði, Hreyfing, Geðrækt, Tannheilsa, Öryggi, Fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Við höfum þegar byrjað undirbúning að verkefnum og er það mataræði/tannheilsa og hreyfing/öryggi sem við leggjum áherslu á í vetur.

- Unnið er að því að þróa matseðla fyrir börn á aldrinum 1-6 ára með hollustu og góða næringu að leiðarljósi. Stuðst er við [handbók fyrir leikskólaeldhús](#) við mótun matseðla
- Unnið er að mótun stefnu er varðar hreyfingu fyrir bæði börn og starfsfólk leikskólans. Við styðjumst við kennsluaðferðir sem ýta undir nám barna í gegnum hreyfingu og leiki.
 - Leikur að læra: markmiðið er að kennsla fari fram í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Leikur að læra er hugsað út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig og upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri. Með því að nota kennsluaðferðina eykst úthald og einbeiting barnanna. Auðvelt að aðlaga kennsluna að ólíkum þörfum einstaklinga með líkamlega og andlega og félagslega vellíðan barna að leiðarljósi.
 - Færni til framtíðar: er handbók um örvun hreyfifærni barna úti í nánasta umhverfi. Umhverfi okkar hefur uppá margt að bjóða til að örva hreyfifærni barna. Efniviðurinn í umhverfinu er meri en okkur grunar og tækifærin óendanleg til skemmtilegra æfinga. Við hvetjum foreldra til að nýta sér efni [handbókarinnar](#) til að búa til skemmtilega leiki þegar fjölskyldan er á ferðinni.

Starfsfólk er hvatt til að ganga til vinnu séu þeir í aðstöðu að geta það og foreldrar eru hvattir til að ganga með börn sín til skóla sé það mögulegt.



Leikur og nám

Í Klöppum er það leikurinn sem er í öndvegi enda besta leið barnsins til náms og þroska. Börn eru í eðli sínu virk í leik og starfi og það er hlutverk leikskólans að sjá til þess að þau geti fengið að njóta sín. Leikjum má skipta í fjóra flokka sem eru: a) Skynfæra og hreyfileikir b) Sköpunar og byggingaleikir, c) Þykjustu- og hlutverkaleikir, d) Regluleikir eða leikir með leikreglum. Kennsla á öllum námssviðum fer fram í gegnum leikinn. Mikil áhersla er lögð á leiki sem reyna á að barnið skapi sjálft t.d. atburðarás (hlutverkaleikir), föndur, kubbaleiki, spil og úti- og hreyfileikir. Hlutverk

starfsfólks er að fylgjast með leiknum, ýta undir þróun leiks með því að hafa efnivið til staðar og að taka þátt í leiknum. Við leitumst við að hafa sem fjölbreyttastan efnivið í boði. Val er undirbúið „kerfi“ í frjálsa leiknum sem stuðlar að auknu sjálfstæði barnanna og möguleika fyrir þau til að ákveða hvað þau vilja gera og með hverjum þau vilja starfa. Valkerfið byggir á þeirri hugmynd að barnið læri af eigin áhugahvöt. Með því að börnin velji sjálf og eru hvött til að taka ábyrgð á eigin vali trúum við því að þau verði sjálfstæðari, virkari og ánægðari einstaklingar.

Uppbygging sterkrar sjálfsmyndar, Stig af stigi.

Möguleikar barna á að öðlast sterka sjálfsmynd felast að miklu leyti í því hvernig svörun þau fá við öllum sínum gjörðum og verkum. Einnig þurfa þau að fá tækifæri til skapandi myndlistar og annarra verkefna sem reyna á sköpunarmátt og tjáningu. Til að efla félags- og tilfinningaþroska barnanna er verið að nota kennsluefnið *Stig af stigi*. Það stuðlar að því að börnin læri að sýna viðurkennda hegðun og að setja orð á tilfinningar sínar sem er einn liður í að læra að þekkja sjálfan sig og styrkja eigin sjálfsmynd.

Klappir eru í samstarfi við Glerárskóla með það að markmiði að skapa samfellu í námi barnanna og auðvelda þeim að flytjast milli skólastiga.

Ýmsar gagnlegar upplýsingar.

Skólasamningur.

Við upphaf leikskólagöngu barns undirrita foreldrar og skólastjóri skólasamning í þjónustugátt bæjarins sem er þeirra skuldbinding við þau ákvæði sem þar eru skráð. Sá samningur er varðveittur í þjónustugátt Akureyrarbæjar. Foreldrar eru hvattir til að lesa samninginn vel áður en hann er undirritaður.

Leikskólagjöld.

Leikskólagjöld ber að greiða fyrirfram fyrir 15. hvers mánaðar og eru þau innheimt í heimabanka. Sjá nánari reglur í skólasamningi.

Uppsagnafrestur - breytingar.

Uppsagnafrestur á leikskólaplássi er einn mánuður og miðast hann við mánaðarmót eða 15. hvers mánaðar sem og breytingar á vistunartíma barna. Sjá nánari reglur í skólasamningi. Foreldrar senda beiðni um breytingu á vistun í þjónustugátt bæjarins og er reynt að verða við þeim óskum sem allra fyrst. Þegar mögulegt er að verða við

óskum um breytingu á vistun er svar sent í gegnum Karellen á foreldra.

Fjarvistir.

Foreldrum er skylt að tilkynna breytingar á högum og aðstæðum s.s. veikindi, fjarveru foreldra, nýtt heimilisfang, símanúmer og breytta hjúskaparstöðu. Oft sýna börn tilfinningar og hegðun sem erfitt er að ráða í. Nákvæmar upplýsingar gera okkur kleift að sýna barninu sérstaka tillitssemi og skilning þegar aðstæður gefa tilefni til. **Sjá nánar í skólasamningi.** Ef barnið vill ekki koma í leikskólann er nauðsynlegt að láta starfsfólk vita svo hægt sé að leita að orsökinni og finna leiðir til úrbóta. Ef aðrir en foreldrar sækja börnin er, af öryggisástæðum, nauðsynlegt að láta starfsfólk vita. Ef barn er fjarverandi frá leikskólanum fjórar vikur eða lengur samfelld geta foreldrar óskað eftir niðurfellingu á fæðisgjaldi á sérstöku eyðublaði sem má nálgast hjá skólastjóra, einnig þarf að tilkynna um fjarveruna. **Sjá nánar í skólasamningi.** Óski foreldrar eftir að barn taki frí í leikskólanum, fyrir utan sumarleyfi, er það að sjálfsgöðu heimilt, enda greiðist fullt skólagjald barnsins.

Sumarleyfi.

Lokað er í leikskólanum vegna sumarleyfa fjórar vikur á sumri, tímasetning ákvarðast á hverju ári fyrir sig ýmist út frá ákvörðunar Fræðslu- og lýðheilsuráðs. Upplýsingar um sumarlokun skólans er að finna á heimasíðunni. Álitið er að öll börn, ekki síður en þeir fullorðnu, þurfi að hvíla sig á hinu venjubundna starfi í minnst fjórar vikur samfleytt á sumri. Engin leikskólagjöld eru innheimt í júlí.

Starfsdagar/skipulagsdagar.

Leikskólar Akureyrar eru lokaðir 49 stundir á ári, stundum heilan dag og stundum hálfan. Þessar klukkustundir eru notaðar til fræðslu, skipulags og undirbúnings á kennslu í skólanum ásamt endurmati á því starfi sem unnið hefur verið. Þegar skólinn opnar kl. 12 er ekki hádegismatur í skólanum þann dag og þurfa börnin því að vera búin að borða áður en þau koma í skólann. Reynt er að samræma lokunar dagar í leik- og grunnskólum eins og mögulegt er.

Foreldrum er tilkynnt um þessa daga með góðum fyrirvara og hægt er að sjá þá á skóladagatali fyrir árið sem er að finna á heimasíðu skólans. Lokunardagar eru bornir undir foreldraráð skólans til samþykktar áður en endalegar dagsetningar eru settar á skóladagatalið sem skólanefnd þarf að samþykkja.

Karellen – heimasíða og upplýsingakerfi.

Í Klöppum höldum við út í heimasíðu með öllum helstu upplýsingum um skólann og notumst við upplýsingakerfi sem ber nafnið Karellen. Kerfið býður uppá utanumhald um mætingu, skóladagatal, samskipti og að settar séu inn myndir af börnunum.

- Kerfið heldur utan um mætingu – veikindi og frí. Foreldrar geta tilkynnt barn sitt inn veikt í gegnum kerfið og gert skýringu á veikindunum í texta s.s. flensa, hlaupabóla o.s.frv.
- Skóladagatal skólans er í upplýsingkerfinu en mánaðardagatöl og fréttir verða sendar í tölvupósti til foreldra
- Foreldrar geta sent kennurum deildarinnar skilaboð – **athugið að allir kennarar sem skráðir eru á deildina sjá skilaboðin – ekki einstaka kennari.** Eigi aðeins einn kennari að sjá skilaboð frá foreldri má nýta tölvupóst viðkomandi.
- Myndir sem settar eru inn í kerfið eru merktar ykkar barni svo aðrir sjá ekki myndina nema um hópmynd sé að ræða og fleiri börn séu merkt á tiltekna mynd.

Athugið að ekki er leyfilegt að deila myndum af öðrum börnum en sínum eigin. Deili foreldrar myndum af öðrum börnum hefur viðkomandi brotið lög um persónuvernd.

Til að geta hafist handa þurfa foreldrar að virkja aðgang sinn að

Karellen, <https://karellen.is>

Foreldrar skrá sig inn á Karellen vefsíðuna með því að velja innskráningu og velja virkja aðgang. Þar setja foreldrar inn netfangið sitt og virkja.

Kerfið býður uppá að báðir foreldrar skrái sig inn í kerfið og hvet ég ykkur til að nýta ykkur það.

Tölvupóstur ætti að berast innan 10 mínútna með lykilorði og þá skrá foreldrar sig inn með kennitölu og lykilorði.

Ef tölvupóstur berst ekki vinsamlegast sendið póst á klappir@akmennt.is, sendið nafn barns, nafn foreldris og virkt netfang og við munum gera lagfæringar.

Að virkja aðgang að appinu í símann

Þegar foreldrar eru komnir með aðgang í gengum vefsíðu geta þeir **sótt sér appið í símann sinn**. Appið er aðgengilegt í bæði iOS og Android stýrikerfi. Hægt er að nálgast appið í gegnum Apple store og google Play.

Sjá leiðbeiningar:

<https://karellen.is/leikskolaapp/>

Mikilvægt er að kynna sér vel eiginleika Karellen

Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur eiginleika kerfisins vel inn á heimasíðu Karellen. Ef eitthvað er óljóst endilega hafið samband við mig eða deildarstjóra og við leiðbeinum ykkur.

<https://karellen.is/eiginleikar/>

Karellen er hagnýtt kerfi sem gefur góða möguleika til samskipta og samvinnu milli heimilis og skóla.

Klappir

Í Klöppum eru sjö deildir og rými fyrir allt að 144 börn en það fer eftir aldri barnanna hve mörg börn eru í skólanum hvert skólaár. Ef börnin eru mjög ung eru þau færri. Fimm deildir eru á efri hæð: Rjóður, Lundur, Sylla, Tindur og Bjarg. Tvær deildir eru á neðri hæð: Lón og Hellir. Leikskólinn opnar klukkan 07:45 – 16:15. Alls eru seldar um 950 klst. á dag í klöppum en flest börnin eru með 8 klukkustunda skólatíma. Lang flest börn mæta um klukkan 08:00 og flest fara heim um klukkan 16:00 þó svo nokkur séu að fara heim fyrr. Stöðugildi í Klöppum eru 35,68 þ.e. stjórnendur, kennarar, matráðar og afleysingar. Stöðugildum til sérkennslu er úthlutað hvert haust og fer það eftir barnahópnum hverju sinni. Lögð er áhersla á að allir vinni sem ein heild.

Að byrja í Klöppum - aðlögun.

Góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður foreldra og starfsfólks leikskóla er forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu árangursrík og ánægjuleg. Mikilvægur þáttur í þessari samvinnu er aðlögun, þar sem lagður er hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla. Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Barnið þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynna starfsfólki og börnum sem fyrir eru, læra að vera í hópi, hlíta reglum ofl. Það er einstaklingsbundið, hve langan tíma aðlögun tekur en gengið er út frá minnst

3 -5 dögum. Í Klöppum er þátttökuaðlögun en hún byggir á því að foreldri er með barninu sínu þessa daga og tekur þátt í starfi deildarinnar s.s. hópastarfi, útiveru, matmálstíma ofl. Á þessu tímabili kynnast barn og foreldrar starfsfólki leikskólans og starfsemi hans ásamt því að foreldrahópurinn kynnist. Aðlögun kann að þurfa að endurtaka hafi barnið verið fjarverandi um lengri tíma. Við óskum eftir því að börnin komi með lítið teppi og kotta fyrir hvíldina og einnig er í boði að koma með tengihluti til að hafa hjá sér s.s. bangsa. Ef barn er með snuð er mikilvægt að koma með merkt snuð sem geymt er í leikskólanum.

Trúnaður foreldra.

Í aðlögun dvelja foreldrar í leikskólanum í nokkra daga og bæði þá og í öðrum samskiptum við leikskólann koma þeir til með að sjá og heyra ýmislegt um hin börnin. Mikilvægt er að foreldrar sýni börnum, foreldrum og starfsfólki trúnað og ræði það sem þeir sjá og heyra utan veggja skólans.

Sérkennsla

Börn eru eins ólík og þau eru mörg. Þau búa yfir mismunandi getu, reynslu og þroska og mismunandi styrk- og veikleikum. Í Klöppum er leitast við að taka tillit til hvers einstaks barns svo að það geti notið sín á eigin forsendum í barnahópnum. Til að fylgjast með þroska og líðan hvers barns eru gerðar atferlis-athuganir eða skráningar á líðan, þroska og hegðun barna. Skráningar geta verið skriflegar, hljóðritaðar eða myndrænar og framkvæmdin fléttast inn í daglegt starf kennarans. Þegar færni barns og/eða hegðun er ekki á við jafnaldra getur reynst nauðsynlegt að grípa inn í og veita barni stuðning og hvatningu í lengri eða skemmri tíma eftir þörfum barnsins og fjölskyldu þess. Í Klöppum leggjum við tvær stefnur til grundvallar í sérkennslunni og hvetjum við foreldra til að kynna sér [sérkennslustefnu](#) skólans. Áhersla er á gott foreldrasamstarf og að foreldrar komi að ferli sérkennslumála frá upphafi.

Í leikskólanum starfar sérkennslustjóri í 65% stöðu og hann hefur yfirumsjón með öllum málum sem tengjast sértækum athugunum.

Námskrá árganga.

Unnið er með hverjum árgangi samkvæmt námskrá sem sniðin er að þörfum og sérstöðu hvers aldurshóps. Skólanámskrá Klappa er á heimasíðu skólans og námskrá deilda er í mótun. Starfsáætlanir deilda er að finna á heimasíðu Klappa undir deildir. Sem dæmi má nefna að alltaf er byrjað á að vinna með sjálfið, barnið sjálft með yngstu

börnunum og síðan víkkar þekking barnanna stig af stigi og færist yfir á fjölskyldu, nánasta umhverfi og samfélag með einum og öðrum hætti sem hver deild tekur ákvörðun um.

Hópastarf.

Megin tilgangur og markmið með hópastarfi er þessi:

- Í gegnum hópastarfið stuðlum við að samheldni og ábyrgðarkennd barnanna gagnvart hverju öðru.
- Barnið myndar tengsl við jafningja sína og lærir að vinna og leika sér í hóp.
- Barnið lærir að vinna með fjölbreytileg efni og öðlast þannig dýrmæta reynslu og þekkingu sem er liður í uppbyggingu sjálfsmyndar.
- Hópastarf auðveldar umsjónarkennurum að fylgjast náið með þroska og getu hvers barns og að hafa heildarsýn yfir hópinn.

Hópastarf stendur í 1 klst til 2 klst eftir aldri og þroska barnanna og fer fram tvisvar til fjórum sinnum í viku.

Samverustundir og hvíld.

Í samverustundum gefst börnum og starfsmanni tækifæri til að eiga saman notalega stund í ró og næði og gleðjast með öðrum. Þá er hægt að lesa, syngja og spjalla saman um það sem vekur áhuga hverju sinni eða mikilvægt er að koma á framfæri. Samverustund er oft góð hvíld. Í samverustund gefst gott tækifæri til að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna með því að þjálf þau í að koma fram fyrir hópinn. Söngur og lestur góðra bóka eru mikilvægir þættir í lestrarhvetjandi umhverfi. Öll börn hvílast eftir hádegi en fyrirkomulag er breytilegt eftir aldri og aðstæðum.

Foreldrasamstarf.

Mikilvægt er að góð samvinna takist strax í byrjun milli foreldra barnsins og starfsfólks þar sem gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að barninu líði vel. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því að oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram, í samráði við starfsfólk svo að öruggt sé að barnið sé í skólanum þegar foreldri ætlar að koma í skólann en ekki t.d. í vettvangsferð. Þeir eru sérstaklega boðnir í foreldrakaffi, foreldrasamtöl, á foreldrafundi o.s.frv.

Foreldrar þurfa að láta starfsfólk vita af sér þegar komið er með barnið í leikskólann og þegar það er sótt. Þetta er öryggisatriði fyrir barnið og starfsfólk. Foreldrum er velkomið

að hringja í leikskólann til að spyrja um barnið og eins mun starfsfólk hringja ef þörf krefur eða senda skilaboð í gegnum Karellen.

Tilkynningarskylda.

Í lögum um vernd barna og ungmenna frá 1992, 13 grein segir:

„Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmennum. Hverjum, sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og verður í starfi sínu var við óviðunandi misfellur í uppeldi og aðbúðaði barna eða ungmenna, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart“. Tilkynningarskylda gengur að þessu leyti framar ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi stétta.

Foreldrasamtöl.

Tvisvar sinnum á ári, að hausti og vori (sjá nánar tímasetningar á skóladagatali), er foreldrum boðið í samtál þar sem rætt er um barnið, líðan þess og annað er viðkemur leikskólanum. Deildarstjórar og kennarar hafa umsjón með þessum samtölum sem tekin eru á haustin og vorin. Þá er m.a. farið yfir þroskalýsingar og atferlisathuganir. Við hvetjum ykkur til að óska eftir samtali utan þessa föstu samtala ef þið hafið þörf fyrir meiri upplýsingar eða viljið setjast niður með kennara barnsins ykkar.

Foreldrafélag.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Markmið foreldrafélaga er að efla tengsl foreldra í starfi leikskólanna og tryggja velferð barnanna sem best. Greitt er ákveðið félagsgjald og er sjóðurinn notaður fyrir öll börnin. Stjórn félagsins ákveður hverju sinni í hvað skal verja þessum peningum og oft eru keyptar leiksýningar, danskennsla, farið í skemmtiferðir, útvegaðir jólapakkar og fleira sem ekki er á fjárhagsáætlun leikskólans.

Lög Foreldrafélags Klappa

1. Nafn félagsins er Foreldrafélag Klappa
2. Félagar eru allir foreldrar eða forráðamenn barna í Klöppum.
3. Tilgangur félagsins er:
 - a) að vinna að velferðarmálum barna.
 - b) að auka samskipti og samstarf foreldra, barna og starfsfólks.
4. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi, og skal skipa fimm manns til minnst eins árs í senn.

Stjórnin skal halda félagsmannaskrá og virkja sem flesta til starfa.

5. Aðalfundur skal haldinn í september ár hvert og skal til hans boðað með viku fyrirvara til þess að hann teljist löglegur.

Dagskrá fundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
 2. Reikningar félagsins.
 3. Kosning stjórnarmanna og varamanns.
 4. Ákvörðun árgjalds.
 5. Lagabreytingar.
 6. Önnur mál.
6. Árgjöld félagsins skulu ákveðin á aðalfundi, svo og tilhögun innheimtu þeirra.
7. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi.
8. Sé aðalfundur illa sóttur getur stjórnin tilnefnt í stjórn eða boðað nýjan fund.

GOTT FORELDRAFÉLAG ER MIKILVÆGT OG KEMUR BÖRNUNUM TIL GÓÐA

Foreldraráð

Samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal skipa foreldraráð við alla leikskóla. Foreldraráðið skal skipað þremur foreldrum að lágmarki. Kosning til foreldraráðs skal fara fram í september á hverju ári og skal kosið til eins árs í senn. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í leikskólastarfi. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Upplýsingar um starfsreglur foreldraráðsins er að finna á [heimasíðu skólans](#) ásamt fundargerðum

Viðmið um lágmarksmönnun

Á ákveðnum tímum geta fjarvistir starfsmanna orðið verulegar og geta ástæður fjarverunnar verið veikinda starfsmanna, veikinda fjölskyldumeðlima eða vegna lokunar

Ef upp koma þær aðstæður í Klöppum að fjarvera starfsmanna er það mikil að stjórnendur treysta sér ekki til að tryggja öryggi barna í skólanum miðað við starfsmannaafli þarf að grípa til eftirfarandi [aðgerða](#).

Mánaðardagatal deilda

Um hver mánaðarmót gefur hver deild út dagatal næsta mánaðar. Dagatalið er á heimasíðu skólans og eru einnig send rafrænt frá skólanum á netföng foreldra.

Afmælis dagar.

Þegar börnin eiga afmæli leggjum við okkur fram um að gera þeim daginn eins ánægjulegan og kostur er. Þann dag fær barnið að ráða ýmsu í dagskránni, t. d. varðandi lagaval í söngstundum og bækur í samverustund. Barnið velur sér afmæliskórónu, skraut á stólinn sinn sem og matardisk og glas með skemmtilegum myndum á. Í samverustund fær afmælisbarnið að setjast í hásæti og blása á kerti.

Afmælisdagur Klappa er 6. september

Útivera:

Útivera er alla daga 1-2 á dag. Hversu lengi börnin eru úti hverju sinni fer eftir aldri, veðri og vindum. Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem grófhreyfingum og frjálsum leik er gert hátt undir höfði. Íslenskt veðurfar getur verið umhleyppingasamt og rýsjótt en við því er ekkert að gera.

Klæðnaður og fatahólf

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og greinilega merktur barninu. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólann. Útifatnaður barnanna má vera í hólfum dag frá degi svo fremri að hann sé þurr og hreinn. Foreldrar eiga að setja allan skófatnað í skóhillu í lok dags svo auðvelt sé að þrifa gólf.

Fatahólf barnanna þarf að tæma á föstudögum.

Óskilakarfa er í fataherbergi og þar setjum við föt sem hafa farið á flakk og eru ómerkt. Þegar óskilafatnaður hefur verið auglýstur í um hálfan mánuð er það sem ekki kemst til skila tekið og gefið í Rauða Krossinn

Merktur fatnaður skilar sér heim

Hefðir og venjur

Í **janúar** hvert ár er fjölmeningarvika. Þá leitumst við við að kynnast ólíkri menningu og siðum, kynnast ólíkum tungumálum. Hvað varður íslenska siði í fjölmeningarviku höldum við Þorrblót með þeim þjóðlega mat sem Íslendingar borðuðu á árum áður.

Í **febrúar** höldum við öskudaginn hátíðlegan, allir eru hvattir til að koma í búningum og/eða fá andlitsmálningu, kötturinn er sleginn úr tunnunni, elstu börnin fá popp og þau yngri ávexti eða saltstangir og svo er slegið upp balli og borðuð pizza. Við fáum saltkjöt á sprengidaginn og á bolludaginn bjóðum uppá bollur í hádegismatinn og svo brauðbollur í kaffinu.

Í **júní** er útskrift elstu barna skólans. Útskriftin fer fram seinni part dags og er foreldrum boðið að vera viðstaddir. Að lokinni útskrift fara foreldrar heim og börnin eiga góða stund með kennurum sínum, búa til pizzu og fara í ratleik. Við erum með ólympíuleika í júní þar sem settar eru upp ýmsar stöðvar sem hvetja til hreyfingar.

Í **september** höldum við uppá afmælisdag leikskólans en það á eftir að taka ákvörðun um hvernig við gerum það.

Í **desember** leitumst við að hafa notalegt og rólegt hér í Klöppum. Við lesum sögur, syngjum söngva, fönndrum, erum með jóladagatal og útbúum gjafir handa okkar nánustu. Börnin útbúa skraut á jólatréið okkar og skreyta sjálf. Rétt fyrir jólafrí höldum við „litlu jólin“. Við dönsum í kringum jólatréið og syngjum, fáum jólasveina í heimsókn, lesum jólasögu og syngjum jólasöngva. Börn og starfsfólk eru hvött til að koma í betri fötunum þann dag. Þann 6. janúar höldum við þrettándagleði með því að dansa í kringum jólatréið og syngja jóla- og álfasöngva um leið og við kveðjum jólin.

Viðburðir

Reglulega er efnt til tilbreytingar í dagskipulagi með hinum ýmsu viðburðum s.s. opið milli deild, dótadagur, litadagur o.s.frv. Viðburðir eru settir á viðburðardagatal á heimasíðu og á mánaðarskrá deilda. Á dótadögum mega börnin koma með leikföng að heima, 1-2 stykki. Tekið skal fram að leikskólinn getur ekki borið ábyrgð á leikföngum barnanna og því er oft betra að geyma heima það sem er viðkvæmt eða dýrmætt. Munið að merkja leikföngin vel. Aðra daga á ekki að koma með leikföng nema um það sé samið t. d. vegna hvíldar.

Veikindi.

Börn sem ekki eru fullfrísk eiga ekki að koma til skóla, bæði vegna smithættu og til að draga úr vanlíðan barnanna því ekki er hægt að veita þeim sömu umönnun þar og heima. Veikist barnið skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í a.m.k. 1 - 2 sólahringa.

Lyfjagjafir á skólatíma eru ekki leyfðar nema í undantekningartilvikum. Undantekningar á þessu gætu verið sykursýkis-, asma- og ofnæmislyf. Í slíkum tilvikum þarf að fá skrifleg fyrirmæli frá lækni.

Fæði

Boðið er uppá hollan og næringaríkan mat í Klöppum. Ef barn er með sérþarfir er varðar fæði er mikilvægt að foreldrar séu í góðu sambandi við starfsfólk á deild og eldhúsi. Sé um fæðuofnæmi eða óþol að ræða þarf að koma með vottorð frá lækni. Einnig þarf að koma með vottorð þegar talið er að fæðuofnæmi eða óþol hafi breyst og barn má aftur fara að fá matvöru sem haldið hefur verið frá því. [Hér](#) má sjá stefnu Klappa er varðar fæði og næringu.

Óhöpp og slys/tryggingar.

Í barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra og farið með barnið á slysadeild ef þörf er talin á. Í þeim tilvikum greiðir leikskólinn fyrir fyrstu heimsókn. Öll slys eða óhöpp eru skráð í leikskólanum. Starfsfólk skólans sækir reglulega skyndihjálparnámskeið og fer í gegnum viðbragðaáætlun ef slys verða. **Sjá nánar um tryggingar í skólasamningi.**

AÐ VERA Í SKÓLA ER EKKI UNDIRBÚNINGUR UNDIR LÍFIÐ, ÞAÐ ER LÍFIÐ.

(John Dewey)

Lokaorð.

Tilgangurinn með þessari foreldrahandbók er að upplýsa foreldra og forráðamenn barna sem allra best um allt það er lýtur að leikskólanum. Munnlegar upplýsingar í miklum mæli eiga það til að gleymast og mikilvægt er að rifja upp annað slagið. Vel upplýstir foreldrar eru betur í stakk búnir til að láta í ljós skoðanir sínar um það sem þurfa þykir og við sem störfum í leikskólanum höfum þörf fyrir að fá að heyra hvort sem er last eða lof. Hagur barnanna er það sem við höfum að leiðarljósi. Okkur þætti því vænt um að þið hefðuð samband við okkur ef þið viljið koma einhverju á framfæri eða þurfið að ræða.

Með ósk um ánægjuleg samskipti.

Góðar stundir

Drífa Þórarinsdóttir skólastjóri

Áslaug Á. Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri

HVAÐ UNGUR NEMUR, GAMALL TEMUR